



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um viðbrögð skóla- og frístundasviðs við ofbeldi meðal barna

Á fundi borgarráðs 7. september 2023 lagði áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga hvort skóla- og frístundasvið hyggist auka fræðslu í skólum um ofbeldi meðal barna. Fræðsla um áhrif og afleiðingar ofbeldis getur skipt sköpum í lífi barns. Það er mat fólks að ofbeldi hefur verið normalíserað. Fulltrúi Flokks fólksins hefur verið með umræðu og tillögur sem lúta að því að ná utan um vaxandi vopnaburð ungmenna og hvernig Reykjavíkurborg getur reynt að spyrna við fótum við þeim vanda. Börn þurfa aðstoð ef þeim líður illa en einnig fræðslu og foreldrar þurfa ekki síður fræðslu. Kennarar þurfa fræðslu og stuðning til að styrkja sig í hvernig þeir eiga að taka á ofbeldismálum sem upp kunna að koma í skólaflokkum. Einnig spyr fulltrúi Flokks fólksins hvort ekki þurfi að auka og dýpka fræðslu í skólum um heimilisofbeldi og hvernig börn, foreldrar og kennarar geta brugðist við komi vísbendingar um að barn sé beitt ofbeldi af einhverju tagi af jafnaldra eða á heimili sínu. Tölurnar eru sláandi. 15% unglingsstúlkna í 10. bekk grunnskóla hefur verið nauðgað af jafnaldra og 17% verið beittar kynferðisofbeldi af hálfu fullorðins eins og fram kom á Farsældarþingi. Meirihluti þeirra sem hafa orðið fyrir ofbeldi, sagði engum frá.

Svar:

Meðal áherslupátta í menntastefnu borgarinnar eru félagsfærni, samfélagsleg ábyrgð og virkni. Með félagsfærni er átt við hæfnina til að eiga árangursrík samskipti við aðra og viljann til hafa jákvæð áhrif á umhverfi sitt og samfélag. Kapp er lagt á að börn öðlist færni í að starfa saman, setja sig í spor annarra og sýna öðrum góðvild og virðingu. Í almennum aðgerðum vegna innleiðingar menntastefnunnar á tímabilinu 2022 – 2024 stendur: „Markviss vinna með að efla samskiptafærni, félagsfærni og tilfinningagreind þarf að fara fram í formlegu sem óformlegu námi og í samstarfi skóla- og frístundastarfs meðal barna og fullorðinna með samkennd og félagslegt réttlæti að leiðarljósi“. Heilbrigði og vellíðan er annar áherslupáttur menntastefnunnar og um þann þátt segir: Sérstaklega verður hugað að þáttum sem tengjast andlegri líðan með markvissum aðgerðum til að bæta geðheilbrigði, kynheilbrigði, efla þrautseigju og getu barna til að takast á við áföll og áskoranir í daglegu lífi... Sérstök áhersla verður lögð á forvarnir með fræðslu og opinni umræðu um þau málefni sem geta haft áhrif á hegðun og líðan barna.



Starfsfólk í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkur er mjög meðvitað um þá stóru áskorun sem við stöndum frammi fyrir varðandi ofbeldi og aukinn vopnaburð meðal barna. Mikið samtal hefur átt sér stað við lögreglu, velferðarsvið, forvarnarfulltrúa sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu ásamt samtali við samtök foreldra, Heimili og skóla. Hér má nefna ýmis verkefni sem unnið er að til að bregðast við ástandinu, s.s.:

- o Flotinn, flakkandi félagsmiðstöð
- o Senter verkefnið
- o Hinsegin félagsmiðstöðin
- o Samstarfsyfirlýsing vegna barna í viðkvæmri stöðu (0-17 ára) á starfssvæði Suðurmiðstöðvar Reykjavíkurborgar
- o Innleiðing farsældarlaganna og Betri borg fyrir börn, þéttara samstarf og skýrara verklag innan og á milli borgarhluta (á miðstöðvum borgarinnar)
- o Forvarnaráætlun Reykjavíkurborgar, sem verið er að vinna út frá Lýðheilsustefnu borgarinnar, þar sem einn af áherslupáttunum er „Höfnum ofbeldi“
- o Samráð sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um forvarnarmál
- o Verkefni verkefnastjóra ofbeldisvarna hjá Embætti landlæknis
- o Regnbogavottun starfsstaða

Við alla grunnskóla borgarinnar eru starfandi forvarnarteymi gegn kynbundinni og kynferðislegri áreitni og ofbeldi. Teymunum er ætlað að tryggja að allir árgangar skólans fái fræðslu um málefnið í samræmi við aldur og þroska. Einnig ber teyminu að fylgja því eftir að allt starfsfólk í skóla- og frístundastarfi við skólann sitji netnámskeið [frá Barna- og fjölskyldustofu um ofbeldi gegn börnum](#).

Jafnréttisskóli Reykjavíkur heldur utan um verkefni borgarinnar um alhliða kynfræðslu en þar er leitast við að gera kyn- og sambandsfræðslu markvissari og á þann hátt að hún fangi allar hliðar kynheilbrigðis. Borgarráð hefur samþykkt tillögu Reykjavíkurráðs ungmenna um að innleiða alhliða kynfræðslu í alla grunnskóla borgarinnar. Jafnréttisskólinn heldur einnig utan um Viku6 sem er árlegt kynheilbrigðisátak í grunnskólum og félagsmiðstöðvum borgarinnar. Viku6 er ætlað að veita unglingum mótvægi við þeim skilaboðum sem klámvæðingin veitir þeim og er hugsuð sem forvörn gegn kynferðislegri áreitni og ofbeldi. Verkefnastýra Jafnréttisskólans stýrir einnig ráðgjafateymi um óæskilega kynhegðun og kynferðisofbeldi milli barna og unglunga. Teymið aðstoðar stjórnendur við að bregðast rétt við þegar upp koma mál og tryggir að öll mál séu unnin eftir faglegu ferli. Teymið sinnir einnig fræðslu til barna, starfsfólks og foreldra um heilbrigð samskipti, óæskilega kynhegðun og kynferðisofbeldi eftir þörfum.

Einnig má nefna að hugmyndir eru uppi um að stofna samráðsvettvang um börn og ungmenni í tengslum við ofbeldi á vegum mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs Reykjavíkurborgar. Þar er lagt upp með þverfaglegri samvinnu stofnana innan og utan Reykjavíkurborgar og grasrótarsamtaka sem tengjast málefnum barna.

Á fundi með forvarnarfulltrúum sveitarfélaga höfuðborgarsvæðisins 20. september sl. var málefnið ofarlega á baugi, ásamt mikilvægi þess að efla foreldrasamstarf. Þar kom m.a. fram að lögreglan er að vinna að gerð fræðsluefnis um ofbeldi og vopnaburð sem þau hyggjast fara með inn í grunnskólana. Einnig er slík fræðsla í bígerð í samstarfi Reykjavíkurborgar og samtaka félagsmiðstöðva á Íslandi (Samfés).



Skóla- og frístundasvið ásamt Mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar höfðu frumkvæði að því að setja af stað verkefnið *Opinskátt um ofbeldi* en verkefnið var liður í að framfylgja aðgerðaáætlun borgarinnar gegn kynbundnu ofbeldi og ofbeldi gegn börnum. Afrakstur verkefnisins voru myndir sem hægt er að nota sem kveikjur að umræðum, leiðbeiningar og veggspjöld sem hægt er að prenta út. Upplýsingar um verkefnið er m.a. að finna í [verkfærakistu](#) með menntastefnu borgarinnar og eru verkfærin opin öllum.

Í [verkfærakistu](#) sem fylgir menntastefnu borgarinnar eru einnig m.a. að finna krækjur á námsefni og kennsluefni sem Menntamálastofnun hefur tekið saman undir yfirskriftinni [Stopp ofbeldi](#), [handbók um ofbeldi gegn börnum](#), [hlutverk skóla](#), leiðbeiningar til barna og starfsfólks um kynferðislega áreitni eða ofbeldi og stutt myndbönd um þá áhættu sem felst í slagsmálum unglunga.

Áhersla hefur verið á að fjölga réttindaskólum og réttindafrístund UNICEF þar sem áhersla er lögð á að skapa umhverfi sem byggist á þátttöku, jafnrétti og virðingu fyrir öðrum.

Fjölmargir starfsstaðir skóla- og frístundasviðs hafa nýtt það fjármagn sem þeim hefur verið úthlutað úr þróunarsjóði skóla- og frístundaráðs til að vinna að verkefnum til að efla félagsfærni, samskiptafærni og tilfinningalæsi, t.d. með s.k. vinaliðaverkefni þar sem eldri nemendur sjá um leiki fyrir yngri samnemendur í frímínútum, með því að sækja fræðslu til ýmissa sérfræðinga á þessu sviði, s.s. á Menntavísindasviði HÍ, til sjálfstætt rekinna aðila, s.s. [KVAN](#), o.fl.

Á skrifstofu skóla- og frístundasviðs er starfshópur sem leiðir verkefnið *Vinsamlegt samfélag*. Með vinsamlegu samfélagi er átt við samfélag þar sem framkoma allra einkennist af virðingu, samkennd og ábyrgð og einelti er ekki liðið. Vinsamlegt samfélag vinnur samkvæmt gildum menntastefnu Reykjavíkurborgar „Látum draumana rætast“ þar sem félagsfærni er einn af grundvallarþáttunum. Vinsamlegt samfélag miðar að því að styðja við gerð virkra áætlana gegn einelti og viðeigandi verkferla á starfsstöðum. Teymið stendur jafnframt fyrir árlegri vitundarvakningu um mikilvægi góðrar félags- og vináttufærni í tengslum við Dag gegn einelti sem er 8. nóvember. Hópurinn er skipaður fulltrúum leikskóla-, grunnskóla- og frístundahluta fagskrifstofu, auk fulltrúa frá mannauðsskrifstofu. Fjölbreytt verkefni er miða að aukinni félagfærni og þá um leið forvarnarstarfi gegn einelti eru vistuð á [vefsvæði Vinsamlegs samfélags](#).

Til viðbótar má nefna að aðgerðaráætlun menntastefnu, starfsáætlanir og umbótaáætlanir starfsstaða skóla- og frístundasviðs, forvarnaráætlun borgarinnar og aðrar áætlanir eru ávallt unnar með hliðsjón af rannsóknnum og könnunum, m.a. frá Rannsóknnum og greiningu og Íslensku æskulýðsrannsókninni. Aðgerðir sem settar eru fram í slíkum áætlunum eru unnar út frá þeim áskorunum sem fram koma hverju sinni.